

## L Ö G

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal, þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og rekstrar hlutafélaganna.

#### 2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f., og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

#### 4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu, að því er varðar álagningu opinberra gjalda, teljast einn skattaðili.

#### 5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðlöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

#### 6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa, sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*